


Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir

Litli herinn hans Gídeons



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest

Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Aðlagð af: Ruth Klassen

Saga 15 af 60

www.M1914.org

Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska

Icelandic



Eftir að Jósúa dó, snérist fólkíð í Ísrael á móti Guði. Þá gaf Guð þá í hendur Mídíaníta í sjö ár, sem útrýmdu híbýlum þeirra og uppskeru.

Ísraelir flúðu til fjalla og bjuggu þar í hellum.

1




Gídeon, einn Ísraelana, var að þreskja hveiti í vínberjapressu undir stóru tré, til að fela það fyrir Mídíanítum.

Þá birtist engill Drottins með skilaboð til Gídeons.


2

Guð vildi að Gídeon eyðilegði falskt altari föður síns, og byggði altari fyrir hinn eina og sanna Guð. Þótt Gídeon óttaðist að ættmenn hans mundu drepa hann, þóknaðist hann Guði.




3

Nú vildi Guð að Gídeon tæki forystu herliðs á móti Mídíanítum, en Gídeon var hræddur. Hann bað Guð um að gefa sér ták, sem mundi sýna að Guð væri með honum. Síðan lagði hann ullarreyfi á þreskivöllinn.



4



Pá bað Gídeon til Guðs, "Verði dögg á reyfinu einu, meðan jörðin er þurr, þá veit ég að þú munt frelsa Ísrael fyrir mitt tilstilli eins og þú hefur sagt." Um morguninn var jörðin þurr, en reyfið blautt.


5

Gídeon var enn í vafa. Hann bað nú Guð að senda dögg á jörðina en ekki á reyfið. Morguninn eftir var jörðin rök en reyfið þurrt.




6

Í fyrstu voru 32.000 menn í her Gídeons, en Guð fækkaði liðinu niður í 300 menn. Guð vildi ekki að Ísraelar gætu sagt að þeir hefðu sigrað af sjálfsdáðum.



7

Vitandi þess að Gídeon var enn hræddur, leyfði Guð honum að hlera á einn af mídíanítunum segja öðrum frá furðulegum draumi. Í draumnum féll brauðkaka á eitt af tjöldum Mídíaníta og gjöreyðilagðist tjaldið.



8

Þá sagði hinn, skelfingu lostinn.
"Þetta er sverð Gídeons ...". Þegar
Gídeon heyrði þetta, vissi hann að
Guð mundi gefa honum fullan sigur.




9

Gídeon og menn hans
lögðu nú til orrustu
að næturlagi, og
hafði hver þeirra
sinn trompet, tóma
krús, og blys í hönd.
Þeir umkringdu her
Mídíaníta.



10

Þegar Gídeon gaf merkið, þeyttu þeir hornin, með
blysin í vinstri hönd, og mölvuðu krúsirnar. Þvílíkur
hávaði! Þvílíkt uppnám! Og flýðu nú Mídíanítarnir í
allar áttir.



11

Eftir þennan mikla sigur, báðu Ísraelsmenn Gídeon
að gerast forystumaður þeirra. "Það er ekki mitt
að drottna yfir ykkur... Guð er ykkar drottinn", sagði
Gídeon, sem vissi að aðeins Guð gæti

sett fólkinu
lífsreglur
-nar.



12

Litli herinn hans Gídeons

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Dómarabókinni 6-9

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son
sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir
syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til
himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá
eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi
dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig
nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar,
svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð.
Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!